
Hörður Ágústsson á Kjarvalsstöðum:

Að komast til botns í efninu



Hörður Ágústsson og mynd sem hann nefnir „Skekkjur".

Í gærkvöldi opnaði Hörður Ágústsson sýningu á Kjarvalsstöðum sem hann nefnir „Úr lit- og formsmiðju". Þar sýnir hann 57 litbandamyndir sem hann nefnir svo, sem flestar eru frá sl. þrem árum, auk þess svarthvítar myndir (samklippur, teikningar, fótógrafík) allt frá 1953.

Einar Bragi lýsir smiðjustarfi Harðar á þessa leið í sýningarskrá: „Úr grunnformum — punkti, línu, ferningi, þríhyrningi, hring — byggir listamaðurinn heilan myndheim... Hörður sýndi nokkrar svarthvítar myndir úr formsmiðju sinni í Galleri SÚM fyrir fjórum árum. Síðan hefur hann færst allur í magni, stærð þess flatar sem litur tekur, og með nábýli þeirra, samspili. Þetta athæfi er í eðli sínu skylt þeim „divisjónisma" sem varð til upp úr impressjónismanum; þá hreinsuðu þeir Seurat og Signac til á litabrettinu með því að raða saman litadoppum hlið við hlið í stað þess að blanda litina. Kannski mætti kalla þetta nýdivisjónisma.

Ég hef kennt lita- og formfræði við Myndlistaskólann frá 1961. Þessi sýning er samt ekki rannsóknarskýrsla, heldur myndlist. En að baki þessum myndum sem öðrum liggur viss rannsókn. Það viðhorf sem er að baki er hið sama og hjá vísindamönnum:

aukana. Hann hefur tekið annan höfuðþátt myndlistar, litinn, til könnunar með grunnlitina að grundvelli eins og grunnformin áður. Lokastigið er samspil forms og litar sem getur haldið áfram með nýjum og nýjum tilbrigðum um alla eilífð".

— Allar þær myndir sem hér eru inni eru gerðar alls úr sex litum, sagði Hörður við blaðamann í gær og bendir á efnivið sinn á borði: sex rúllur af litbandi. Hér er engu blandað saman, en tilbrigðum náð með því að breyta viðleitni til að komast til botns í efninu. Sú heimssýn að veröldin er ekki þétt, hún er gisin, byggð af einingum, hún er óendanlega fjölbreytt bygging eininga.

Á 20stu öld hefur leiðin inn á við verið farin af fjölmörgum listamönnum og í mörgum áföngum. Hér er reynt að komast alla leið: þú stendur uppi með púnkt, ferning, hring, gult, rautt, blátt. Það má vera að þessum áfanga fylgi vissar hættur, eins og hliðstæðum áfanga í t.d. atómvísindum. En maður getur eins fundið til vissrar bjartsýni: því ekki að byrja upp á nýtt með þessa frumþætti? Ég leyfi mér að vona að þetta sé um leið könnun á nýjum möguleikum í myndlist.

Auk þess er ég af Bauhausskóla — myndlist er mér ekki einangrað fyrirbæri, heldur hluti af sjónlistargeiranum, þeirri virku formhugsun sem við sem svona hugsun viljum að ráði gerð þeirra hluta sem menn nota og hafa í kringum sig...

Þessar myndir, sagði Hörður að lokum, hafa langan aðdraganda, þær elstu eru frá 1953. Stundum hefi ég gert hlé vegna annarra starfa — við skólastjórn, sögu byggingarlistar. En síðan eru hugmyndirnar teknar upp aftur — en verða fyrir bragðið seinna á ferðinni en ég átti von á...

Og enn skal vitnað til Einars Braga: „Eins víst er það vitnist að myndirnar þær arna séu hreinræktaður natúralismi. Allt fer eftir því hvernig á málin er litið. Hér sést að vísu hvorki fjall né maður. En væri arða úr Esjunni eða flipi úr hægri nasavæng páfans skoðuð í sterkri smásjá, kæmi líklega á daginn, að þau væru hugvitsamlega samansett úr aragrúa af örsmáum teningum, hringjum eða þríhyrningum ýmislega litum. Geti skaparinn notast við svo óbrotnar einingar er forvitnum lærisveini ekki láandi þótt hann langi að kanna sem rækilegast gildi þeirra í myndlist..."

Sýning Harðar Ágústssonar verður opin til 12. október.

—AB

Haustmót T.R. og fleira

Haustmót T.R. '76 hófst síðastliðinn sunnudag. Þátttakendur að þessu sinni eru 96, en þá eru unglingar ekki taldir með. Teflt er í tveimur riðlum þ.e. 12 keppendur í A-riðli og þar tefla allir við alla, en 84 keppendur tefla 11 umferðir eftir Monradkerfi. A-riðillinn að þessu sinni er ekki jafnsterkur og nokkur undanfarin skipti, þar vantar allmarga af okkar sterkustu skákmönnum, en þar spilar inni nýafstaðið alþjóðamót, sex landa keppnin og Olympíumótið sem hefst nú í októbermánuði. Stefán Briem er lang-stigahæsti skákmaðurinn í hópnum. Hann kemur sjálfsagt til með að berjast um efsta sætið, en aðrir sem þar gætu komið nærri Jón L. Árnason, Jónas P. Erlingsson og Ásgeir P. Ásbjörnsson, svo einhverjir séu nefndir.

Skák dagsins að þessu sinni er frá minningarmóti um rússneska skákmeistarann Chigorin sem lauk í borginni Sotsji við Svartahaf fyrir skömmu. Sovétmennirnir Polugajewski og Svesnikov urðu í 1.—2. sæti fyrir ofan 7 stórmeistara. Það er einmitt annar sigurvegaranna sem hér á hlut:

Hvítt: L. Polugajewski (Sovétríkin)
Svart: A. Adorjan (Ungverjaland)
Enskur leikur

1.	c4	g6
2.	e4	e5
3.	d4	Rf6
4.	dxe5	

(í skák sinni gegn Tal á sovétmeistaramótinu '73 lék Polugajewski hér 4. Rf3 og framhaldið varð: 4. — Bb4+ 5. Bd2 Bxd2+ 6. Rxb2 d6 7. dxe5 dxe5 8. Rxe5 De7 9. f4 Rbd7 með flókinni stöðu.)

4.	—	Rxe4
5.	Dd5	Bb4+
6.	Rd2	f5
7.	exf5	Rxf6
8.	Dd3	0-0
9.	Be2	He8
10.	a3	Bf8
11.	Rgf3	d5
12.	cxd5	Bf5
13.	Dc4	

(Hin skarpa taflmennska svarts hefur fært honum góða stöðu. Leiki hann nú 13. — Dxd5 stendur hann síst lakar, t.d. 14. 0-0 Hxe2 15. Dxe2 Bd3. Í stað þess fórnar hann peði fyrir óljósar flækjur.)

13.	—	b5!?
14.	Dxb5	c6
15.	Db3	

(15. dxc6 er ekki eins fráleitur leikur og hann virðist líta út t.d. 15. — Bd3 16. c7! Hxe2 17. Kd1 Rg4? (Best er 17. — Dxc7 18. Dxd3 Hxf2 með góðum möguleikum fyrir svartan.) 18. Hf1 Dxc7 19. DXd3 Rxf2+ 20. Hxf2 Hxf2 21. Dd5+ ásamt 22. Dxa8).

15.	—	Ra6
16.	d6+!	Rd5
17.	Dc4	Dxd6
18.	Rd4	

(18. Dxa6 yrði svarað með 18. — Rf4 með hættulegum færum.)

18.	—	Bc8
19.	0-0	Rc7
20.	R2f3	c5
21.	Rb5	Rxb5
22.	Dxb5	Bd7
23.	Dc4	Hab8
24.	Rg5	h6
25.	Bf3!	

(Sterkara en 25. Re4 De5 26. Dxd5+ Dxd5 27. Rf6+ Kg7 28. Rxd5 Hxe2)

25.	—	hxg5
26.	Bxd5+	Be6
27.	Bxe6+	Dxe6
28.	Da4	g4
29.	Bd2	De4
30.	Dxa7	Dc6
31.	Da5	Hxb2
32.	Hae1	He4
33.	Bc3	Hb3
34.	Hc1	He8
35.	Ba1	

(Svartur hótaði 35. — Ha8)

35.	—	He2
36.	Dd8	g3!
37.	Dh4	gxh2+
38.	Kxh2	Hxa3
39.	Dh8+	Kf7
40.	Hce1	Haa2
41.	Hb1	Hxf2?
42.	Hxf2+	Hxf2
43.	Hb7+!	Ke8
44.	De5+	Kd8
45.	Hb8+	Kd7
46.	De8+	

Svartur gafst upp.



skák

Umsjón: HELGI ÓLAFSSON